

á Skeggjastöðum, Vindh.hr., Kristjánsdóttir b. þar, f. 6. 7. 25, Kristjánssonar.

Björn Arnór Guðmundsson, f. 26. 6. 79 á Næfranesi við Dýrafjörð. For. G. b. Þórarinnsson og k. Guðbjörg Guðmundsdóttir b. Hjarðardal Dýr. Þorvaldssonar. Gagnfr. Flensborg 1905. Kennarapróf Flensborg 1906. För um Noreg og Danm. 1907—08 til að kynnst skólastarfsemi. Nám í lýðhásk. í Askov. Námsför 1925 árlangt við skóla í Danm., Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Kennari við barnaskóla á Núpi 1906—07. Kennari við ungmennaskóla sr. Sigtr. Guðlaugssonar á Núpi 1908—28. Skólastjóri hjeraðsskólans á Núpi 1929—42. Hrstj. frá 1922. Hrn. 1913 og síðan. Form. Hjeraðssamb. U.M.F. Vestfjarða 1911 og síðan. Form. U.M.F. Mýrahr. 1909—33. Átti þátt í Kf. Mýrahr. (síðar: Kf. Dýrfirðinga). Í stjórn þeirra 1920 og síðan. Hefir fengist við smíðar, reisti barnaskólahús og sá um viðgerð á Núpsskóla. Ókvæntur.

Björn Gunnlaugsson Blöndal, f. 19. 9. 65 í Flatey á Breiðaf. For. G. Blöndal, sýslum. í Barð., og k. Sigríður Sveinbjarnardóttir rektors Egilssonar. Stúd. 1885. Cand. med. 1889. Var síðan í sjúkrahúsum í Khöfn. Settur aukalæknir í Þingþingi austan Jökulsár 21. 6. 90. Skip. hjeraðslæknir í Miðfjarðarhjeraði 15. 5. 01 og veit.brjef kgs. fyrir því 27. 10. 08. Lausn 28. 7. 15. Fluttist þá til Rvíkur og síðar til Siglufj. og dvaldi þar hjá syni sínum til dauðadags. Samdi nokkur sönglög og snaraði á ísl. á síðari árum nokkrum skemmtisögum. D. 27. 9. 1927 á Sigluf. K. 21. 7. 88 Sigríður, dóttir Carsten Möller exam. juris.

Björn Gunnlaugsson, f. 24. 11. 99 að Einarsnesi á Mýrum. For. G. b. þar Einarsson og k. Þóra Fr. Friðgeirsdóttir b. í Garði Olgeirssonar. Stúd. 1920. Cand. med. 1926. Viðurkenndur sjerfræðingur í lyflæknisfræði (medicina interna) 1931. Settur hjeraðsl. í Rvík, í fjarveru Jóns Hj. Sigurðssonar, 1929—30. Aðstoðarl. við Landsspítalann, III. deild, 1931—34. Samfara hjeraðsl.starfinu fylgdi kennsla í lyflæknisfræði við Háskólann. Læknir í Rvík. Sæmdur heiðursmerki þýzka rauða krossins 1936. K. 3. 8. 26 Elín, f. 24. 11. 04, Guðmundsdóttir póst- og símamálastj. í Rvík Hlíðdal.

Björn Halldórsson, f. 20. 6. 56 að Geirmundarstöðum á Skarðsströnd. For. H. Jónsson, b. þar, og k. Vigdís, f. 18. 7. 30, Björnsdóttir b. Stóra-Fjarðarhorni, f. 1794, Guðmundssonar. B. á Smáhömrum á Ströndum frá 1884. Hrstj. 25 ár, 1905—30, sýslm. 18 ár, hrnm. 35 ár og í stjórn Kf. á Hólmavík 31 ár. Hafði bátaútveg frá heimili sínu og stundaði fiskveiðar á haustin, en hákarlaveiðar á vetrum. D. 23. 10. 1938. K. 25. 10. 86 Matthildur, f. 1. 1. 48, Benediktsdóttir b. á Kirkjubóli og hrstj., d. 29. 12. 84, Jónssonar.

Björn Hallgrímsson, f. 21. 2. 76 í Görðum í Mýrdal. For. H. b. þar, f. 1. 9. 32, Eiríksson, og s. k. Guðrún Björnsdóttir b. í Görðum í Mýrdal. Verzl.stj. og útg. á Ísaf. um skeið og síðar í Sandgerði. Var þar hrstj. og form. I.O.G.T.-stúku. Fluttist síðan til Keflavíkur